

Efni: Umsókn um undanþágu fyrir dýrahaldi á heilbrigðisstofnunum.

Mariuhús, Blesugróf 27 sækir hér með um leyfi skv. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sem segir: „Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3“. Skv. 2. tl. sömu greinar „getur heilbrigðisnefnd heimilað að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðisstofnunum.“

Fyrirkomulag dýrahalds:

Starfsmaður í Mariuhúsi tekur hundinn sinn með í vinnuna 1-4 daga í viku. Hundurinn er ljúfur og góður, rólegur og fylgir eiganda sínum hvert sem hann fer. Skjólstæðingar dagþjálfanarinnar eru almennt mjög ánægðir með veru hundsins hér og veitir hann þeim gleði.

Hvar er það/þau staðsett í húsnæðinu: Í stofu/alrými


Fyrirkomulag á þrif: Húsnæðið er þrifið þrisvar í viku af ræstingarfyrtæki (Sólar)

Viðbragð ef ofnæmi kemur upp: Ofnæmislyf eru til staðar, ef ofnæmi eða hræðsla kemur upp myndi hundurinn hætta að koma á staðinn.

Ábyrgðarmaður verkefnis/aðili sem getur gefið frekari upplýsingar:

Lilja María Stefánsdóttir, forstöðumaður Mariuhúss og hjúkrunarfræðingur.

Dags. 21. febrúar 2023



Undirskrift



Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Reykjavík, 13. mars 2023

Tilvísun: 2023030139

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Efni: Beiðni um undanþágu fyrir heimsóknir hunda í Maríuhús, dagvistun heilabilaðra, sbr. 19. gr. rlg um hollustuhætti

Vísað er til erindis Maríuhúss 21. febrúar 2023, þar sem óskað er eftir undanþágu heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir heimsóknir hunds í Maríuhús sbr. 19. gr. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 með síðari breytingum.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt enda verði heimsóknirnar í samræmi við það sem kemur fram í umsókn og að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum segir: „Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3“. Skv. 2. tl. sömu greinar „Heilbrigðisnefnd er heimilt, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar, að veita leyfi til að halda hunda, ketti og önnur gæludýr á heilbrigðisstofnunum.“

Heimilt er að hleypa einum hundi inn í Maríuhús Blesugróf 27, 1-4 daga í viku sbr. umsókn.

Mikilvægt er að tryggja að farið sé að þeim hollustuháttarkröfum sem gerðar eru vegna hugsanlegs smits, ofnæmis og ónæðis sem hundar geta valdið þegar farið er með þá inn á staði þar sem almenningur dvelur.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Hundurinn skal vera geðgóður, hreinn, heilbrigður og ormahreinsaður.
2. Hundurinn skal hafa tilskilin leyfi samkvæmt þeim reglum sem settar eru í sveitarfélaginu þar sem hann á heima.
3. Hundurinn skal ekki dvelja lengur í húsnæðinu en heimsóknin stendur yfir eða sem nemur opnunartíma starfseminnar.
4. Merkja skal greinilega að hundur sé í húsnæðinu og skulu merkingar vera þjónustuþegum sýnilegar áður en þeir fara inn í húsnæði starfseminnar.
5. Tryggja skal að þjónustuþegar og starfsfólk sem ekki geta umgengst hunda vegna ofnæmis, sýkingar, ónæmisbælingar eða hræðslu komast ekki í nálægð við hundinn.
6. Hundurinn skal vera með ól á meðan hann er í húsnæðinu.
7. Starfsmaður skal ávallt vera með umsjón með hundinum. Hundurinn skal ekki vera einn

með þjónustuþegum starfseminnar.

8. Hundinum skal haldið frá eldhúsi og matsal.
9. Tryggja þarf regluleg þrif í þeim rýmum sem hundurinn leyfður.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir
Sérfræðingur

